

Föstudaginn 15. september 1995.

Nr. 299/1995.

Guðrún Skarphéðinsdóttir

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

**sendiráði Bandaríkja Norður-Ameríku
á Íslandi**

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Dómstólar. Þjóðaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 30. júní 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað sjálfkrafa frá dómi, en sóknaraðili kveður sér fyrst hafa orðið kunnugt um úrskurðinn 22. ágúst 1995. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Í stefnu kveðst sóknaraðili höfða þetta mál á hendur „Parker Borg sendiherra, Laufásvegi 21, Reykjavík, f. h. sendiráðs Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi vegna utanríkisráðuneytis Bandaríkja Norður-Ameríku“. Kröfur sínar í málinu styður sóknaraðili við húsaleigusamning frá 18. september 1990 um íbúðarhúsnæði að Freyjugötu 27 í Reykjavík, en þar er leigutaki sagður vera utanríkisráðherra Bandaríkja Norður-Ameríku. Eins og fyrrgreindu orðalagi stefnu er hagað, verður í ljósi leigusamningsins að skilja málatilbúnað sóknaraðila svo, að varnaraðili sé að réttu lagi Bandaríki Norður-Ameríku, sem utanríkisráðherra þess ríkis komi fram fyrir. Er þá og til þess að líta, að erlent sendiráð nýtur ekki eftir íslenskum réttarfarslögum slíkrar stöðu, að það komi fram sem sjálfstæður aðili að dómsmáli.

Samkvæmt meginreglum þjóðaréttar verður ríki ekki látið án samþykkis síns sæta lögsögu dómstóla annars ríkis með þeim hætti, sem sóknaraðili leitast við að fá framgengt með málsókn sinni. Mál þetta verður því ekki rekið fyrir íslenskum dómstólum. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 1995, er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 23. júní 1995, af Guðrúnu Skarphéðinsdóttur, kt. 130741-7459, Freyjugötu 27, Reykjavík, gegn Parker Borg sendiherra, Laufásvegi 21, Reykjavík, f. h. sendiráðs Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi vegna utanríkisráðuneytis Bandaríkja Norður-Ameríku til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.424.280 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. júlí 1992 af 322.920 kr. til 20. október 1992, af 664.500 kr. frá þeim degi til 20. janúar 1993, af 1.046.400 kr. frá þeim degi til 20. apríl 1993 og af 1.424.280 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er sú krafa gerð, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á 1.101.360 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. október 1992, af 341.580 kr. til 20. janúar 1993, af 723.480 kr. frá þeim degi til 20. apríl 1993 og af 1.101.360 kr. frá 20. apríl 1993 til greiðsludags.

Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við dæmdan höfuðstól á 12 mánaða fresti, hvort sem aðalkrafa eða varakrafa verður tekin til greina.

Pá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram eigi síðar en við aðalmeðferð málsins, auk lög-mæltis virðisaukaskatts.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur stefnt sendiherra f. h. sendiráðs Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi vegna utanríkisráðuneytis Bandaríkja Norður-Ameríku til greiðslu leigugreiðslna, sem hún telur sendiráðið skulda sér. Í l. mgr. 31. gr. Vínarsamnings um stjórnmalasamband, sem löggiltur var hér á landi með lögum nr. 16/1971, segir, að sendierindreki skuli njóta friðhelgi, að því er varðar einkamála- og framkvæmdalögsögu móttökuríkisins. Frá þeirri meginreglu eru gerðar undantekningar, sem greindar eru í staflíðum A-C í áðurnefndri lagagrein. Með vísan til þessa verður að telja, að sendiráð

2025

Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi vegna utanríkisráðuneytis Bandaríkja Norður-Ameríku njóti friðhelgi (úrlendisréttar) hér á landi. Þykir því verða að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Úrskurðinn kvað upp Arnfríður Einarsdóttir, ftr. dómstjóra.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.
